



Dalabyggð



Greinargerð með fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2025-2028

17. desember 2024

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2025	3
A og B hluti sveitarsjóðs.....	3
00 Skatttekjur	3
02 Félagsþjónusta	3
03 Heilbrigðismál	3
04 Fræðslu- og uppeldismál.....	3
05 Menningarmál.....	4
06 Æskulýðs- og íþróttamál	4
07 Brunamál og almannavarnir	4
08 Hreinlætismál.....	4
09 Skipulags- og byggingarmál	5
10 Umferðar- og samgöngumál	5
11 Umhverfismál	5
13 Atvinnumál	5
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	5
21 Sameiginlegur kostnaður	5
22 Lífeyrisskuldbindingar	6
28 Fjármagnsliðir	6
31 Eignasjóður	6
43 Vatnsveita.....	6
53 Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún.....	6
57 Leiguíbúðir.....	6
61 Fráveita.....	6
65 Dalaveitur ehf	6
Dalagisting.....	7
Fjárfestingafélagið Hvammur.....	7
Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir	7
Fjárfestingar	8
Mælaborð fjárhagsáætlunar og lykiltölur 2025 - 2028.....	9
Fréttatilkynning	11

Inngangur

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2025-2028 kom til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 14. nóvember síðastliðinn. Byggðarráð hóf undirbúning að áætluninni í júlí og samþykkti verkáætlun um fjárhagsáætlunarferlið á fundi sínum í 11. júlí sl.

Alls fjallaði byggðarráð um áætlunina á fjórum fundum, þar af á einum fundi á milli fyrri og seinni umræðu. Einnig var fjárhagsáætlunin rædd í nefndum sem og á vinnufundi sveitarstjórnar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á sveitarstjórn að fjalla um fjárhagsáætlun í tveimur umræðum og skal sú fyrri fara fram eigi síðar en 1. nóvember og hin síðari ekki síðar en 15. desember. Heimild var fengin frá innviðaráðuneytinu til að seinka seinni umræðu til 17. desember 2024.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 innifelur bindandi fjárheimildir fyrir rekstur sveitarfélagsins það ár en tölur sem snerta árin 2026-2028 er áætlun fyrir þau ár.

Fyrsta útgáfa áætlunarinnar var unnin af deildarstjórum hinna ýmsu eininga og starfsmanna á skrifstofu Dalabyggðar.

Launakostnaður er áætlaður út frá fjölda stöðugilda, launasetningu og á spám þar um, m.a. skv. minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Áætlanir um tekjur byggja á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, áætlunum og viðmiðunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, upplýsinga frá Þjóðskrá um fasteignamat og þjóðhagsspá.

Áætlunin um rekstur Dalabyggðar er í ágætu jafnvægi öll árin sem um er að ræða. Það er þó þannig að nú sem oft áður er ákveðin óvissa í lofti hvað varðar þróun verðlags, verðbólga er há þó í rétt átt stefni og kjarasamningar lausir hvað ákveðnar stéttir varðar þannig að gera má ráð fyrir að breyta þurfi fjárhagsáætluninni með viðaukum á komandi ári.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu fjármál sveitarfélaga vera í samræmi við annars vegar svonefnda jafnvægisreglu (heildarútgjöld á þriggja ára tímabili mega ekki vera hærri en reglulegar tekjur á sama tímabili) og hins vegar skuldareglu (skuldaviðmið má ekki vera hærra en 150%). Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir tímabilið sem um ræðir stenst þessar reglur.

Á fundi sínum 7. nóvember sl. bókaði byggðarráð að álagningarhlutfall útsvars verði 14,74% en þar var um mistök í bókun að ræða því þar var ekki reiknað með því hámarki sem samþykkt var í árslok 2023 að undangengnum nýjum samningum á milli ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptingu. Það er hér leiðrétt í seinni umræðu í sveitarstjórn og verður að tillögu sveitarstjórnar sbr. fundargerð sveitarstjórnarfundar 17. desember 2024 14,97% jafnt lögbundnu hámarki sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðargjalda verður einnig óbreytt milli ára. Álagningarhlutfall vegna holræsa- og vatnsgjalds er óbreytt milli ára. Gjaldskrár Dalabyggðar hækka að öllu jöfnu um 3,9% og er sú hækkun ofan á gjaldskrár sem tóku gildi þann 1. janúar 2024. Einstaka gjaldskrár voru endurskoðaðar og taka breytingum með öðrum hætti, má þar nefna að gjaldskrá fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps sem tekur mið af breytingum í úrgangsmálum skv. lögum.

Fjárhagsáætlunin er lögð fram með þessari greinargerð og skjali sem í fundargögnum heitir „Fjárhagsáætlun 2025-2028, seinni umræða“. Komi það í ljós að mismunur sé milli talna í því skjali og þessari greinargerð þá eru það tölurnar í fyrrgreindu skjali sem gilda en ekki greinargerðin.

Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2025

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 224,6 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 219,5 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 2,9 milljarður króna í árslok 2025, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 1.564 milljónir króna og eigið fé er áætlað um 1.295 milljónir króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 180,1 milljónir króna eða 14,3% og samantekið fyrir A- og B-hluta 192,4 milljónir króna, eða um 15,3% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2025 eru samtals 1 milljarður króna.

A og B hluti sveitarsjóðs

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélagsins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau verða frá 1. janúar 2025: Fjárfestingafélagið Hvammur ehf., Fráveita, Dalagisting ehf., Dalaveitur ehf., Vatnsveita og byggðasamlag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um brunavarnir. Byggðasamlagið er fært sem B hluta stofnun hjá Dalabyggð þar sem sveitarfélagið greiðir yfir 50% af rekstrarkostnaði þess.

Í umfjöllun hér á eftir er áætlun 2025 borin saman við útkomuspá 2024.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki um 2,57% milli ára og verði 464,6 milljónir kr. á árinu 2025. Skv. áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða framlög til Dalabyggðar 411,0 milljónir króna en það er hækkun um 6,86% á milli ára. Fasteignaskattur hækkar vegna hækkaðs fasteignamats, álagningarprósenta helst óbreytt. Í heildina hækka tekjur A hluta um 6,4% á milli ára. Greidd staðgreiðsla hækkaði heldur minna en síðustu ár á fyrstu 11 mánuðum ársins 2024 eða um 7,91 sem er heldur lægra en landsmeðaltalið sem var á sama tíma 9,66%

02 Félagsþjónusta

Dalabyggð hefur haldið utan um rekstur þeirra málaflokka sem um ræðir á árinu 2024 í samstarfi við Samskiptamiðstöðina og á árinu 2025 er gert ráð fyrir að reksturinn taki mið af samningi við Akraneskaupstað um þjónustu í barnaverndarmálum. Sú breyting, ásamt því að breytingar eru á lögum um málefni barna og barnavernd gerir það að verkum að kostnaður við málaflokkinn lækkar.

03 Heilbrigðismál

Heilbrigðismál og framlag til þess málaflokks standa nokkuð í stað á milli ára.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslumál taka til sín um 50% skatttekna sveitarfélagsins eða 43,9% heildartekna A og B hluta. Málaflokkurinn hækkar um 7% í heildina, rekstur grunnskóladeildar hækkar um 5,5% en leikskóladeild lækkar um 2,1%.

Stærstur hluti fjármagns til fræðslu- og uppeldismála fer í launakostnað eða sem nemur 62,1% enda Auðarskóli stærsti vinnustaður Dalabyggðar sem skiptist niður í grunn- og leikskólaskóla auk tónlistardeildar. Fjöldi leikskólabarna stendur í stað og eru börnin 25 í árslok 2024 á 3 deildum. Fækkað hefur í grunnskóla og eru nemendur þar í lok árs 77 í 3 bekkjadeildum. Í grunnskóladeild verður mótuneyti gjaldfrjálst líkt og verið hefur frá hausti 2024. Gert er ráð fyrir að dvalargjald fyrir elsta hóp í leikskóla (skólahóp) verði óbreytt frá yfirstandandi ári, þ.e. gjaldfrjálst, að öðru leyti hækka gjaldskrár um 3,9%.

05 Menningarmál

Málaflokkur menningarmála hækkar um 3,5% milli ára. Áfram verður gjaldfrjálst bókasafn á næsta ári en innheimt verður sem fyrr sektargjald og gjald vegna millisafnalána. Rekstur Árbliks, Eiríksstaða og Vínlandsseturs er í höndum rekstraraðila sem eru með samning þar um við Dalabyggð og matarsmiðja verður áfram starfrækt í Tjarnalundi.

Húsnæðismál Byggðasafnsins er enn í ákveðinni óvissu líkt og undanfarin ár, safnið heldur þó núverandi geymsluhúsnæði sínu á Laugum a.m.k. að sinni.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir svipaðri upphæð í æskulýðs- og íþróttamál og mun heildar rekstrarkostnaður málaflokksins verða um 36,9 millj.kr. Breyting verður í ársbyrjun 2025 á yfirstjórn málaflokksins með tilkomu lýðheilsufulltrúa Dalabyggðar. Áfram er gert ráð fyrir 30% starfi í Félagsmiðstöð. Upphæð tómtundastyrkja til barna- og unglinga með lögheimili í Dalabyggð verður áfram 20.000 á ári en nýjar reglur taka gilda sem vikka út eðli styrkveitinga að vissu leiti. Að auki verður áfram veittur stuðningur við tómtundaakstur barna að Laugum þar til ný íþróttamannvirki í Búðardal rísa. Samningur er við ungmennafélagið Ólaf Pá í Búðardal um aðgengi elli- og örorkulífeyrisþega og slökkviliðsins að heilsurækt sem er í eigu ungmennafélagsins.

Vinnuskóli verður starfræktur fyrir unglinga 14-16 ára í 6 vikur yfir sumarmánuðina.

07 Brunamál og almannavarnir

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstrarkostnaði milli ára og áfram verður haldið í endurnýjun á minni tækjabúnaði fyrir slökkvistöð í Búðardal en engu að síður mun verða heildarlækkun á fjármagni til málaflokksins sem nemur um 6,1%. Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahreppur reka í sameiningu byggðasamlag um brunavarnir. Heildarkostnaður Dalabyggðar í rekstri byggðasamlags um brunamál er um 52,4% en skipting kostnaðar fer eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni. Bakvakt stjórnenda er alla daga utan dagvinnutíma. Hún er sameiginleg fyrir allt svæði byggðasamlagsins. Unnið er að endurskoðun þessa málaflokks sbr. breytingar á yfirstjórn sem urðu í maí 2024.

08 Hreinlætismál

Gjaldskrá fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð 2025 tekur mið af breytingum í úrgangsmálum skv. lögum, nú verði greitt fast gjald og svo eftir útfærslu á ílátum. Samkvæmt lögum eiga innheimt gjöld að standa undir kostnaði við hann, svo hefur ekki verið lengi. Þrátt fyrir gjaldskrár breytingar er heildarkostnaður (tap) málaflokksins um 18,3 millj.kr. sem greitt er með málaflokknum sem er þó lækkun á meðgjöf um 13,8% milli ára.

09 Skipulags- og byggingarmál

Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi reka í sameiningu embætti byggingarfulltrúa og fer skipting kostnaðar eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni og er hlutur Dalabyggðar hátt í 47,6% af heildar rekstrarkostnaði. Rekstur embættis skipulagsfulltrúa hefur verið í verktöku sl. ár og verður svo áfram á árinu 2025.

10 Umferðar- og samgöngumál

Rekstur málaflokksins helst að mestu svipaður milli ára en stærsti kostnaðarliðir þessa málaflokks er viðhald gatna og kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagið greiðir bæði fyrir snjómokstur í Búðardal og svokallaðan helmingamokstur á móti Vegagerðinni í dreifbýlinu. Gert er ráð fyrir svipuðu fjármagni í snjómokstur og undanfarin ár, eins er gert ráð fyrir svipuðu fjármagni og undanfarin ár í gatnaviðgerðir. Með tilkomu nýrra gatna í Búðardal er gert ráð fyrir auknum tekjum í formi gatnagerðagjalda vegna nýbygginga, bæði íbúðar- sem og iðnaðarhúsnæðis. Endurnýjun götulýsingar sem unnið hefur verið að mun skila sveitarfélaginu lægri rafmagnskostnaði. Framlag til málaflokksins hækkar um 4,2%. Undir þennan lið fellur til viðbótar tilraunaverkefni það sem í gangi hefur verið síðan í upphafi árs 2024 og verður áfram a.m.k. um sinn sem snýst um rekstur á almenningssamgöngum, með styrk frá Byggðastofnun, og kallast leið 65 hjá Strætó. Boðið er upp á akstur framhaldsskólanema tvo daga í viku á milli Búðardals og Borgarness og er öðrum en framhaldsskólanemum velkomið að nýta þær ferðir sem í boði eru.

11 Umhverfismál

Framlag til málaflokksins hækkar samkvæmt áætlun um 1,0% á milli ára. Nýr samningur um refa- og minkaveiðar, sem gerður var á árinu 2023, leiddi til þess að fjölgað var þeim grenjum sem unnin eru. Nú eru 16 refa- og minkaveiðimenn með samninga um veiðar.

Frá árinu 2011 hefur verið úthlutað til sjálfböðavinnuverkefna sem aðalega hefur verið til fegrunar í sveitarfélaginu sem gengur út á að umsækjendur sækja um tiltekna fjárhæð sem öflunar aðkeyptrar vöru eða þjónustu tengt verkefninu, umsækjandi leggur vinnuframlag sitt sem móttframlag.

13 Atvinnumál

Í málaflokkinn atvinnumál er áætlað að verja um 27,0 millj.kr. Aðkoma Dalabyggðar að rekstri Nýsköpunarsetursins á jarðhæð stjórnsýsluhússins í Búðardal, sem komið var á fót á árinu 2022, er einn af þeim þáttum sem undir málaflokkinn heyrir.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Ekki er gert ráð fyrir neinum framlögum úr A-sjóði til B-hluta fyrirtækja á árinu 2025 líkt og var fram til ársins 2024 (uppgjör um áramót 2023/2024) þar sem halli var viðvarandi á bæði Silfurtúni og ljósleiðarhluta Dalaveitna, báðir þessir þættir eru nú farnir út úr rekstri Dalabyggðar.

21 Sameiginlegur kostnaður

Rekstur málaflokksins stendur nokkuð í stað þó hækkunin nemi 4,6% og er þar aðallega um að ræða kjarasamningsbundnar hækkanir launabáttar.

22 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins skiptast í 2 hluta. Annarsvegar er skuldbindingar Dalabyggðar á lífeyri fyrrum starfsmanna sveitarfélagsins og hins vegar viðbótarlífeyrisskuldbinding v/Brúar. Gera má ráð fyrir að kostnaður málaflokksins hækki vegna boðaðra hækkana á viðbótar lífeyrisskuldbindingum sbr. boðaðar hækkarnir frá Brú lífeyrissjóð, ekki liggja fyrir upplýsingar um þau áhrif þegar þessi greinargerð er unnin.

28 Fjármagnsliðir

Vaxtabreytingar í málaflöknum skýrist af innri vaxtakostnaði milli A og B hluta. Það sem tilheyrir þessum málaflökki er mismunur fjármagnstekna (s.s. arðgreiðslna, inneignavaxta) og fjármagnsgjalda (s.s. vaxtakostnaður langtímalána).

31 Eignasjóður

Málaflökkurinn samanstendur af innri rekstri allra bygginga og/eða eigna sveitarfélagsins ásamt minniháttar viðhaldskostnaði. Heildartekjuafgangur málaflokksins er áætlaður fyrir árið 2025 kr. 180,8 milljónir kr. sem skýrist einna helst á söluhagnaðar vegna Lauga í Sælingsdal. Vaxtakostnaður mun hækka all nokkuð milli ára vegna tilkomu nýrra lána sem tekin verða vegna byggingar íþróttamannvirkja.

43 Vatnsveita

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri Vatnsveitu á næsta ári. Nýframkvæmdir í byggingariðnaði í Búðardal kalla á auknar framkvæmdir og endurbætur því bilanir hafa komið upp í kerfinu enda vatnsveitukerfið orðið 40 ára gamalt. Framkvæmdir vegna nýframkvæmda vatnsveitu á Laugum er að mestu lokið.

53 Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún

Heilbrigðisstofnun Vesturlands tók við rekstri dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns um áramótin 2023/2024 og þar með lauk rekstri Dalabyggðar á öldrunarheimilinu. Eignir félagsins voru gerðar upp og færðust yfir á eignasjóð Dalabyggðar, upp í uppsafnaða skuld. Íbúðir sem voru í eigu Dvalar- og hjúkrunarheimilisins voru seldar yfir til Leigufélagsins Bríet í nóvember 2023. Dalabyggð á áfram fasteignina þar sem rekstur öldrunaheimilisins er og leigir til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands skv. samningi þar um.

57 Leiguíbúðir

Eignir voru seldar á árinu 2023 og er því rekstri sveitarfélagsins á félagslegu húsnæði hætt.

61 Fráveita

Lokaáfangi fráveituframkvæmda var áætlaður á árinu 2024 en þarf sökum aðstæðna að færast yfir á næsta ár (sjá viðauka dags 17.12.2024) s.s. með uppsetningar nýrra hreinsistöðvar í Búðardal. Gera má ráð fyrir einhverjum minniháttar viðhaldsframkvæmdum á lagnakerfinu til viðbótar á komandi árum.

65 Dalaveitur ehf

Dalaveitur ehf hafa tekið yfir rekstur hitaveitunnar á Laugum og er það eina hlutverk Dalaveitna ehf. eftir að kerfi og rekstur ljósleiðarakerfis í dreifbýlinu var selt til Mílu á árinu 2024.

Dalagisting

Dalagisting er rekstrarfélag sem á og leigir út hótelhluta bygginganna á Laugum. Eignarhlutur Dalabyggðar í félaginu er 72,69%. Stefnt er að því að leysa upp reksturinn um leið og sala á eignum að Laugum gengur í gegn en fram að því fjármagnar Dalabyggð þann rekstur og þau útgjöld sem Dalagisting stendur frammi fyrir.

Fjárfestingafélagið Hvammur

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf. hefur verið að 70,93% leiti í eigu Dalabyggðar og 29,07% eigu Byggðarstofnunar til þessa en nú í árslok 2024 hefur Byggðastofnun samþykkt að auka hlutafé sitt í 40% og lækkar heildarhlutdeild Dalabyggðar sem því nemur. Tilgangur félagsins er að efla og styðja við uppbygginu atvinnulífs á starfssvæði þess með uppbyggingu atvinnuhúsnaðis. Verið er að skoða að fá inn í félagið aukið hlutafé til viðbótar því sem Byggðastofnun hefur samþykkt til að styrkja stoðir félagsins enn frekar.

Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir

Líkt og fram kemur í umfjöllun um málaflokk 07 þá reka Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahreppur í sameiningu byggðasamlag um brunavarnir. Heildarkostnaður Dalabyggðar í rekstri byggðasamlags um brunamál er um 52,4% en skipting kostnaðar fer eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni. Bakvakt stjórnenda er alla daga utan dagvinnutíma. Hún er sameiginleg fyrir allt svæði byggðasamlagsins. Unnið er að endurskoðun þessa málaflokks sbr. breytingar á yfirstjórn sem urðu í maí 2024

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum árin 2025 til 2028 sem gert er ráð fyrir að færist til eignar á efnahagsreikningi:

Fjárfestingaryfirlit					
A- sjóður	Árið 2025	Árið 2026	Árið 2027	Árið 2028	Samtals
Eignarsjóður					
Grunnskóli / Leikskóli			35.000.000	10.000.000	45.000.000
Árblik			2.000.000	1.000.000	3.000.000
Leifsbúð				2.000.000	2.000.000
Eiríksstaðir			3.000.000		3.000.000
Dalabúð			5.000.000	20.000.000	25.000.000
Dalabúð áhöld			1.000.000		1.000.000
Tjarnalundur				2.000.000	2.000.000
Íþróttamiðstöðin Búðardal	1.000.000.000	140.000.000			1.140.000.000
Slökkvistöð			2.000.000		2.000.000
Slökkvibúnaður					0
Gámasvæði					0
Sorphirða			1.000.000	500.000	1.500.000
Götuframkvæmdir			9.000.000	20.000.000	29.000.000
Götulýsing			1.000.000	1.000.000	2.000.000
Fjárrétt			1.000.000	1.000.000	2.000.000
Tjaldsvæði Búðardal				1.000.000	1.000.000
Stjórnsýsluhús			4.000.000	1.000.000	5.000.000
Áhaldahús					0
Áhaldahús - áhöld/tæki					0
Silfurtún			140.000	6.000.000	6.140.000
Sjóvörn					0
Samtals A - sjóður	1.000.000.000	140.000.000	64.140.000	65.500.000	1.269.640.000
B - sjóður					
Fráveita			8.000.000	10.000.000	18.000.000
Vatnsveita			4.000.000	8.000.000	12.000.000
Dalaveitur			5.000.000	10.000.000	15.000.000
Samtals B - sjóður	0	0	17.000.000	28.000.000	45.000.000
Samtals A og B - sjóður	1.000.000.000	140.000.000	81.140.000	93.500.000	1.314.640.000


Heildar fjárfestingar árið 2025 eru því áætlaðar 1 milljarður króna sbr. töflu hér að ofan og fara í eitt verkefni eins og sjá má. Reynt verður eftir megni að fara í aðrar nauðsynlegar fjárfestingar á árunum 2025 og 2026 ef aðstæður í rekstri leyfa.

Mælaborð fjárhagsáætlunar og lykiltölur 2025 - 2028

Hér á eftir er yfirlit yfir stöðu helstu lykilþátta hvað fjárhagsstöðu Dalabyggðar snertir og horfur í þeim þáttum á næstu árum:


Veltufjárhlutfall næstu ár

Veltufjárhlutfall




Framlegðarhlutfall

Framlegðarhlutfall




Þróun skuldahlutfalls

Skuldahlutfall og skuldaviðmið




Skuldaþekja

Skuldaþekja (Framlegð / (afborganir + vextir))




Veltufé (hlutfall af heildartekjum)

Veltufé frá rekstri



Nýfjárfestingar/lántaka sem hlutfall af skuldum

Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum



Fréttatilkynning

Gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í Dalabyggð árin 2025 til 2028

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2025-2028 var lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn og samþykkt einróma fimmtudaginn 17. desember 2024.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar (A og B hluta) árið 2025 er jákvæð um 224,6 milljónir króna og þar tekið tillit til uppgjörs á sölu á Laugum í Sælingsdal. Nýjasta útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 37,5 milljónir króna á árinu 2024 þannig að áfram er haldið á sömu braut með sjálfbærni reksturs sveitarfélagsins að leiðarljósi þrátt fyrir metnaðarfulla uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Búðardal.

Miðað er við óbreytt álagningarhlutfall útsvars og fasteignaskatta og að hækkun gjaldskráa verði í flestum tilfellum 3,9%.

Dalabyggð réðst á árinu 2024 í stærstu einstöku framkvæmd í uppbyggingu mannvirkja sem sveitarfélagið hefur tekist á við í 30 ára sögu þess. Þann 11. júní sl. var skrifað undir samning um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Búðardal og ungir íþróttamenn í Dölum tóku við sama tilefni fyrstu skóflustungur að mannvirkinu. Þessi framkvæmd litar rekstur og fjárfestingagetu Dalabyggðar næstu ár og því þarf að vanda mjög til verka í öllum daglegum rekstri og við ákvarðanatöku hvað framkvæmdir og fjárfestingar varðar. Á árinu 2025 er reiknað með að 1000 milljónir, einn milljarður, verði notaður til að greiða fyrir þá verkþætti sem unnir verða á árinu. Lok framkvæmda eru áætluð í febrúar 2026.

Áfram verður unnið á árinu 2025 að undirbúningi á uppbyggingu atvinnuhúsnæðis sem stuðningur fékkst til undirbúnings á í gegnum C1 sjóð Byggðastofnunar. Verulega ánægjulegt er að Byggðastofnun ætlar að bæta í svo um munar sbr. bréf það frá Byggðastofnun sem kynnt var á sama sveitarstjórnarfundi og fjárhagsáætlun Dalabyggðar var afgreidd. Einnig verður haldið áfram að hamra járníð varðandi uppbyggingu húsnæðis í Búðardal fyrir viðbragðsaðila svo eitthvað sé nefnt af því sem í pípunum er til styrkingar innviða í Dölunum.

Sveitarstjórn Dalabyggðar ákvað að viðhalda ákvörðun sem tók gildi í ársbyrjun 2023 um að fella niður vistunargjald í leikskóla hjá elsta árgangi í leikskóla hverju sinni, svokölluðum skólahóp, gjaldfrjálst skólamötuneyti í grunnskóladeild Auðarskóla verður áfram líkt og frá hausti 2024, stuðningur við frístundaakstur ungmenna í samstarfi við Íþróttfélagið Undra heldur sér og einnig verður boðið upp á frí afnot af líkamsræktaraðstöðu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í samstarfi við Ungmennafélagið Ólaf Pá líkt og verið hefur frá ársbyrjun 2024. Árskort á Héraðsbókasafn Dalasýslu verður áfram gjaldfrjálst á nýju ári og haldið er inni menningarmálaverkefnasjóði sem styður við menningarverkefni í heimabyggð. Þá hefur Dalabyggð verið að endurnýja ýmsa samstarfssamninga s.s. við Leikklúbb Laxdæla, Ungmennasambands Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN), Félag eldri borgara í Dölum og Reykhólahreppi og Skátafélagið Stíganda þar sem stutt er við félagsstarf og líflegt mannlíf í sveitarfélaginu. Þessar ráðstafanir m.a. sýna einbeittan vilja sveitarstjórnar Dalabyggðar til að skapa sem bestar búsetuaðstæður fyrir íbúa á öllum aldri.

Markmið sveitarstjórnar Dalabyggðar er að bæta lífsgæði í sveitarfélaginu og að íbúum fjölgi á næstu árum samhliða því að sjálfbær rekstur sveitarsjóðs haldi áfram. Það eru næg verkefni í Dalabyggð og tækifæri á hverju strái ef svo má segja og því mikilvægt að fá fleiri hendur til starfa og þátttöku í því blómlega og kröftuga samfélagi sem í Dalabyggð er.